

SYNLEINTAK

-má ekki fjarlægja

HREINSUN Á SVARTOLÍU

GERT FYRIR
SVARTOLÍUNEFND

ORKUSTOFNUN STRAUMFRÆÐISTÖÐ
NEA HYDRAULIC LABORATORY
REYKJAVIK ICELAND

ORKUSTOFNUN
STRAUMFRÆDISTÖÐ

SÝNIEINTAK

-má ekki fjarlægja


HREINSUN Á SVARTOLIU

**GERT FYRIR
SVARTOLIUNEFND**

JÓNAS ELÍASSON
ÓLAFUR EIRÍKSSON
GUNNAR GUNNARSSON

OSSFS 7506
OSROD 7513

APRÍL 1975



Svartoliunefnd
c/o Gunnar Bjarnason
Mariubakka 10
Reykjavík

TILV. YÐAR

BRÉF YÐAR

TILV. VOR
JE / sg

DAGS.

30. apríl 1975

Tilraunir með hreinsun svartoliú

Í meðfylgjandi skýrslu eru niðurstöður frumtilrauna þeirra sem gerðar voru í Keldnaholti með hreinsun svartoliú.

Það athyglisverðasta, sem fram kemur í þessum tilraunum virðist hvað erfitt er að segja fyrir um afköst og árangur mismunandi hreinsunarkerfa og aðferða. Fyrir það fyrsta lítur ekki út fyrir að t.d. síun og skiljun hreinsi sömu efni úr oliunni. Ennfremur virðist hitastig og dælingareiginleikar oliunnar ráða miklu um afköstin. Efna-samsetning og vökvaeiginleikar oliunnar virðast vera þeir þættir, sem í sameiningu ráða hvernig olían hreinsast og hver afköstin verða.

Brennslueiginleikar oliunnar og áhrif sporefnanna á tæringarhættuna eru kunnir, en þar fyrir utan virðast eftirtaldir eiginleikar hafa áhrif á hreinsunina:

Asfaltinnihald
Uppleyst gas
Stabilitet og froðumyndun

Samspil þessara þátta er það flókið að líklega verður erfitt að segja fyrir um afköst og árangur mismunandi hreinsunarkerfa án undangenginnar prófunar. Það er því skoðun okkar að aðstaða til prófunar á hreinsitækjum þurfi að vera fyrir hendi, þannig að svartoliunefnd geti sjálf prófað og mælt árangur og afköst þeirra hreinsitækja, sem hún hyggst mæla með.

Straumfræðistöðin er reiðubúin að veita áframhaldandi þjónustu í máli þessu svo sem hún megnar. Við höfum rætt þetta mál við Jóhann Jakobsson efnaverkfræðing, og er hann reiðubúinn til samvinnu um frekari rannsóknir.

Það er skoðun okkar, að án slíkra rannsókna sé skipuleg ráðleggingarstarfsemi um hreinsun svartoliú litt gerleg.

Virðingarfyllst,

E F N I S Y F I R L I T

Bls.

1 . INNGANGUR	1
2 . RANNSÓKNARAÐFERÐ OG TÆKI	4
3 . SÍUTILRAUNIR	5
4 . SKILJUTILRAUNIR	7
5 . NIÐURSTÖÐUR	9

M Y N D S K R Á

- 1 . OLÍUSÍA
- 2 . SKILVINDA
- 3 . UPSETNING TÆKJA

F Y L G I S K J Ö L

- 1 . EFNAGREINING Á SVARTOLÍU

- 2 . " " "

1. FORMÁLI

Undanfarið hefur komið æ betur í ljós, hve mikill sparnaður er að notkun svartoliu sem eldsneytis í stað gasoliu í fiskiskipum jafnframt því sem reynslan bendir í sívaxandi mæli til að áhættan við notkun svartoliunnar er ekki eins mikil og áður var álitið. En reynslan hefur einnig leitt í ljós, að sá þáttur sem veit að hreinsun svartoliunnar getur valdið erfiðleikum í viðsum tilfellum og enn fremur er ekki með öllu ljóst, hve gagnger hreinsun svartoliunnar þarf að vera, þegar miðað er við þá svartoliu, sem nú er á hinum íslenska markaði.

Á grundvelli þessa hafa farið fram nokkrar viðræður milli svartoliunefndar og Jónasar Eliassonar um, hvort rannsaka mætti þessa þætti og nýta til þess verks rannsóknaraðstöðu Straumfræðistöðvar Orkustofnunar á Keldnaholti. Leiddi það til að nokkrar undirbúningsrannsóknir voru gerðar og um þær fjallar skýrsla þessi.

Sú svartolia, sem hingað berst er Svartahafssolia hreinsuð í Rússlandi. Hún inniheldur lítið af sporefnum miðað við flestar aðrar gerðir svartoliu og er að miklu mun þynnri (90 - 250 sec Redwood/100), líklega vegna þess að Rússnesku olíuhreinsunarstöðvarnar nota ekki sérstaka efnameðferð (cracking) í jafn ríkum mæli og vesturevrópskar oliuhreinsunarstöðvar, af nýjustu gerð. Í nágrannalöndum okkar er svartolian (heavy fuel oil) yfirleitt um 1500-3500 sec Redwood og tölувert ríkari af sporefnum og koksmyndandi efnum en Svartahafssolian. Sem kunnugt eru þessi efni tæringar og slitaukandi. Koksið hefur tilhneigingu til að setjast í eldsneytishólfin, valda sliti á útblásturslokum slífum og stimplum og trufla úðun eldsneytisins. Af sporefnum er brennisteinninn hvað hættulegastur. Við

brunann myndar hann brennisteinsdioxíð (SO_2), sem ásamt vatni myndar brennisteinssýrling (H_2SO_3) sem veldur tæringu þar sem hann nær að þéttast og safnast fyrir, verra er þó að í brennisteinsdioxíðinu er alltaf örfáir hundraðshlutar af brennisteinstríoxíði (SO_3) sem með vatni myndar brennisteinssýru, en hún er mjög tærandi sem kunnugt er, einkum fyrir járn.

Af öðrum sporefnum er Vanadium og Natrium (Sodium) hvað hættulegust. Þau verða eftir við brunann og bræðslumark þeirra er á sama sviði og afgashiti vélanna. Það gerir að verkum að þegar afgashitinn fer upp fyrir bræðslumarkið er ætið eitthvað af undirkældum ögnum í afgasinu, sem límast við alla fleti sem þær lenda á. Þetta veldur tæringu, einkum á útblásturslokum þar eð þeir verða óþéttir.

Af þessu er ljóst, að ef brenda á svartoliú í fiskiskipum þarf að vera aðstaða fyrir hendi þar sem unnt er að fylgjast að jafnaði með eiginleikum svartoliunnar, en einkum og sér í lagi þurfa að vera fyrir hendi þrautprófaðar aðferðir til hreinsunar á svartoliunni sem nothæfar eru við þær aðstæður sem fyrir hendi eru í fiskiskipunum. Í viðræðum við svartoliunefnd hefur komið fram að eftirfarandi hreinsunarmögu-leikar eru til athugunar.

a) Skiljun, með þeirri aðferð má ná öllum kornum af skað-legri stærð ($4-5 \mu$ og stærra) úr oliunni með svokallaðri "clarification", með svokallaðri "purification" má einnig ná út vatni, það er gert með því að bæta fyrst vatni í oliuna, sem síðan er skilið út, og tekur þá með sér það vatn sem fyrir finnst í oliunni.

b) Síun, með þeirri aðferð má ná út kornunum, en vatnið verður eftir ef eitthvað er.

Tilraunum var hagað þannig, að svartoliúnefnd lagði til nauðsynlegustu tæki og þau voru síðan sett saman í Straumfræðistöðinni á Keldnaholti og tilraunir framkvæmdar þar undir umsjón Ólafs Eirkssonar af hálfu svartoliúnefndar. Olian var hituð í sérstökum tanki og skilin og síuð yfir í annan tank, en magnið mælt í rennslismæli. Helstu niðurstöður voru sem hér segir.

Siun

Unnt reyndist að sía allt að 25 l/min pr. fermetra síuflatar við 70° C, en það svarar til seigju 47 sec R/100 í seigju, fyrir þá olíu sem notuð var. Mótþrýstingur mældist 1.4 kg/sm^2 . Við minni móþrýsting minnkaði magnið mjög mikil, nokkur froðumyndun var í oliunni og sást froðan á síublöðunum, þegar tekið var í sundur. Í tilraununum kom í ljóst að hitastig oliunnar er mjög þýðingarmikið, og síupappírinn getur gefið sig ef það er of lágt. Í upphafi ris móþrýstingurinn mikið en fellur svo þegar siun er komin í gang.

Skiljun var minna reynd en siun, þar kom helst fram, að töluvert áriðandi er að skiljan og kerfið sem slikt, sé vel heitt, þegar skiljun hefst, ella er hún mjög lengi að komast í gang.

2. RANNSÓKNARAÐFERÐ OG TEKI

Til hitunar á oliunni var fenginn 1000 l tankur og í honum var komið fyrir tveim hiturum með termostötum, og tankurinn einangraður með plasti. Í sérstöku hólfí hjá tanknum var komið fyrir skilvindu og siutæki með raðtengdum pappirssíum, sem eru 225 sm^2 hver pappír; hægt er að nota allt að 30 blöð í einu.

Skilvindan er af gerðinni ON 616 Westfalia 9540 sn/min. Hana má nota til að skilja með vatni eða ekki eftir vild. (Purification -eða clarification).

Útbúnaður og aðstaða reyndist hin hentugasta.

3. SÍUTILRAUNIR

Fyrstu síutilraunir voru gerðar til að reyna, hve miklu magni væri hægt að koma gegnum síuna, eða á hvaða hraða væri hægt að sía óliuna.

Sían er með pappírsblöðum, 30 alls, en hægt er að nota færri að vild. Hvert blað er alls 225 fersentimetrar, en virkur flötur í síun er nokkru minni, reiknað er með 220 fersentimetrum. Mest hefur því sían 0.66 m^2 síuflöt, en minnst 0.022 m^2 . Tilraun var hagað þannig, að byrjað var með stærsta flötinn (30 blöð), en flöturinn síðan minnkaður með því að fækka blöðum. Eftir hvert stig tilraunaráinnar voru blöðin skoðuð og athugað, hvort pappírinn væri farinn að gefa sig, og skipt um öll blöð, áður en næsta stig var hafið. Niðurstöður voru sem hér segir:

Fjöldi pappíra	þrýst psi	Hiti °C	Seigja sek	Magn l	Rennsli l/min.
30	16	70	47	132	26,4
15	8	70	47	50	12,0
7	9	70	47	60	11,6
3	18	70	47	100	17,4
1	18	34-48	100-67	150	
1	18	50	64	100	5,5
1	8	44-48	74-67	90	1,1
3	8	52-56	61-56	206	3,11
1	8	58	54	105	20,1
1	8	56	56	251	13,3
1	8	59	53	401	17,4

Reynt var að mæla það sem eftir varð á pappírunum, en það reyndist nokkuð misjafnt eins og tafla I sýnir.

TAFLA I

Óhreinindi í síupappír

Fjöldi filtra	Óhreinindi í ppm	síuð olía í l.	Athugas.
1	7	150	Olía síuð
1	6	100	"
1	21	90	"
3	25	206	"
1	10	105	"
1	5	251	"
1	4	401,5	"
1	9	200	Olía síuð og síðan skilin
1	5	400	"

Ekki fannst merkjanlegur munur á vatnsinnihaldi oliunnar fyrir og eftir síun.

Það reyndist nokkrum erfiðleikum bundið að fylgjast með þrýstingnum inná síuna í þessum tilraunum. Þrýstingurinn vildi tölувert breytast meðan á tilraun stóð, mest var breytingin fyrst, en í byrjun hverrar tilraunar rauk þrýstingurinn upp í hátt gildi, en féll síðan niður í það gildi, sem sýnt er eða sem næst því. Þó kom fyrir meðan á tilraun stóð, að þrýstingur hækkaði snögglega en lækkaði síðan aftur.

Síðan voru gerðar tilraunir til að skilja olíu, sem áður var búið að sía, og kom í ljós í þeim tilraunum, að svipuð óhreinindi verða eftir í skiljunni og þegar ekki var síðan áður.

4. Skiljutilraunir

Skiljan, sem notuð var er af gerðinni ON 616 Westphalia hún gengur á hraða 9540 sn/mín. Afköst hennar eru gefin upp sem tafla 2. sýnir.

TAFLA 2

Seigja sek.	Hiti °C	Afköst l/klst.
96	65	773
88	61	773
86	60	773

Fyrsta skiljutilraunin var gerð með "clarification" (án vatns). Tilraun var hafin með skiljuna og kerfið kalt nema tankurinn með oliunni var heitur. Byrjað var með mjög lítið rennsli, en það síðan smá aukið.

Í þessari tilraun var reynt að framkalla og finna orsakir fyrir ýmsum atriðum, sem vitað er til aðtruflað hafa skiljun svartoliú.

Tilrauninni var hagað þannig að olían var smá aukin inná skiljuna og fylgst með hver viðbrögð skiljunnar væru, og hvernig hitastig skiljunnar hækkaði. Eftirfarandi kom í ljós.

Töluvert glamur heyrðist í dælu skiljunnar allann tímann. Dælurnar eru tannhjóladælur með framhjáhlaupsloka, sem hægt er að stilla. Ljóst er að dælan hefur þeytt oliuna, enda sást töluverð froða koma með oliunni inná skiljuna.

Þegar rennsli inná skiljuna var aukið kom í ljós að olían gekk ekki vel niður í skiljukarlinn. Við súkar kringumstæður er hægt að láta einsmikla olíu inná skiljuna og dælan getur dælt, en það sem karlinn ekki tekur við fer framhjá karlinum og blandast þeirri olíu, sem búið er að skilja. Kom í ljós, að þessi blöndun á skilinni og óskilinni olíu getur mjög vel átt sér stað án þess að skiljan sýni þess nein ytri merki önnur en þau, að olía kemur í sérstakann glugga ofan á skiljunni.

Reynt var að auka rennslið inná skiljuna til að finna hve mikið magn skilja tæki án þess að blöndun ætti sér stað. Reyndist unnt að koma 23 lítrum á mínútu inná skiljuna. Voru skildir 150 l á þennan hátt og síðan hætt.

Síðan voru gerðar meiri skiljutilraunir, þegar búið var að fá meiri olíu. Reyndist þá unnt að koma meira magni gegnum skiljuna og froðumyndun var ekki áberandi. Voru þá gerðar 2 reglulegar prófanir.

Magn	Hiti	Rennsli	Seigja	Vatn	%	Hrat
1	°C	1/mín	R 1100	inn	út	%
322	48	8.3	67	0.25	0	1.9
480	32	7.1	106	0.25	0	-

Hér eru afköst meiri en búast hefði mátt við og virðast minna háð seigju en ætla mætti, vatnið fer vel úr. Hratið er mjög mikið en við athugun reyndist það ekki vera kornótt, minnti meira á asfalt.

Gerðar voru tvær tilraunir með skiljun fyrst og síun strax á eftir.

Magn	Hiti	Rennsli	Seigja	Vatn	%	Hrat
1	°C	1/mín		inn	út	%
200	48-56	3,2-5,7	67-56	-	-	1.7
400	42-56	2,5-3,8	76-56	-	-	1.0

Hrat er svipað og áður.

Tilraun var gerð til að skilja í 3000 sn/mín. rannsóknar-skilvindu, tókst að fá fram hrat af þeirri gerð, sem kom í stóru skiljuna, en þessi aðferð er mikið fljótlegri og handhægari.

5. Niðurstöður

Þær niðurstöður, sem hér hafa fengist eru sem hér segir:

1. Síun

Síun svartoliúr gegnum pappírssíu er tæknilega möguleg en vel þarf að gæta að hitastigi ~~xxxxxx~~ t.d. þarf að gæta þess vandlega, að kerfið sé heitt þegar byrjað er að sía. Einnig þarf að athuga að dælur þeyti ekki oliuna til að hindra froðumyndun.

Upplýsingar vantar um afköst á algengustu vélarsíum og öðrum síum, sem til greina kemur að nota, þegar svartolia er síuð. Einnig vantar upplýsingar um hvern þátt uppleyst gas í oliunni hugsanlega á í froðumyndun.

2. Skiljun.

Við skiljun þarf að gæta þess mjög vandlega að sem minnst froðumyndun eigi sér stað, og að ekki sé látin meiri olía inná skiljuna en karlinn getur tekið við því þá blandast umframolian þeirri oliu, sem skilin er og mengar hana aftur.

Við skiljun nást efni úr oiunni, sem ekki fara úr við síun, en magn þeirra er það mikið (o. til 0.25%) að draga verður í efa að þau fari raunverulega öll úr þegar svartoia er skilin í skipum.

Upplýsingar vantar um hvernig hægt sé að tryggja full afköst skilvindunnar einnig er nauðsynlegt að fram fari

betri rannsókn á hratinu og úr því verði skorið um hvers konar efni sé að ræða og hvort æskilegt sé að ná þeim úr eða ekki.

Ekki verður betur séð en að þau atriði, sem hér eru komin í ljós geti haft úrslitapýðingu um hvort hreinsun svartolíu í skipum heppnast eða ekki. Því er mjög mælt með að svartoliunefnd hefji nú þegar viðtækari rannsóknir á þessum atriðum, og þeirri rannsóknarstarfsemi verði haldið áfram uns slíkar upplýsingar liggja fyrir, sem öruggar geta talist í ráðgjafastarfí svartoliunefndar við fiskiflotann.




ORKUSTOFNUN
Straumfræðistöð

SVARTOLÍURANNSÓKNIR
Olíusía

9.4.'75 G.G./EK
Tnr. 2
ORS-17
Fnr. 12645

Mynd 1



Separator Assembly ON 616

Mynd 2




Fig. 15

FRAME AND HOOD ON 616

List of Parts shown in Fig. 15

Item No.	Part Description	Number of Pieces	Part-No.
-	Frame assembly (1-33)	1	2160-1100-000
1	Frame (one piece)	1	2160-1006-000
2	Gasket 17/28Øx2	1	0004-1874-710
3	Oil drain screw	1	0019-0291-640
-	Brake assembly (4a-g)	1	2160-1043-000
4a *	Brake lining	1	0021-4088-850
4b *	Countersunk rivet 4x12 DIN 661	2	0026-1262-550
4c	Brake bolt	1	2160-1031-000
4d	Handle	1	0021-3513-690
4f	Brake housing	1	0021-3531-640
4g	Cylindrical pressure spring	1	0006-4130-160
5	Threaded pin M 8x10 DIN 438	1	0019-3973-000
6	Hex head screw M 12x30 DIN 931	2	0019-6532-090
7	Welded flange	1	0001-0140-000
8	Gasket 28Ø/52x96x1	1	0004-5447-740
-	Hex head screw M 12x30 DIN 931	2	0019-6532-090
-	** Welded flange	1	0001-0140-000
-	Gasket 28Ø/52x96x1	1	0004-5447-740
9	Gasket 38/46Ø x 15	2	0007-2181-750
10	Gasket 120/152Øx1 (for 23)	1	0004-5227-700
11	Hex head screw (for 23) M 8x25 DIN 931	3	0019-6490-090
-	Dirty-oil feed assembly (12a-b)	1	0820-2170-000
12a	Oil drain cock	1	0018-1524-600
12b	Pipe assembly	1	0820-2171-000
-	Hex head screw (for 12b) M 12x30 DIN 931	2	0019-6532-090
13	Gasket 27Ø/42x86x1	1	0004-5446-740
14	Gasket 30/38Ø x 15	1	0007-2072-750
15	Cylindrical pin 10h8x40 DIN 7	1	0026-1117-030
16	Hinged screw M 12x80	1	0019-1362-650
17	Handle	1	0021-3101-230
18	Stud (for operation aboard ships) M 12x75 DIN 939	4	0019-7676-090
18	Stone bolt (for operation in land installations) M 12x160 DIN 529	4	0019-4863-000
19	Rubber cushion	4	0021-3014-750
20	Lower cap	4	0026-2024-030
21	Upper cap	4	0026-2025-030
22	Cup spring	12	0006-4329-010
23	Hex head nut M 12 DIN 934	8	0013-0280-030


* This part is included in brake bolt assembly 4c, but it is also available as separate item.

** Not used on separator with attached pump.

SVARTOLIURANNSÓKNIR
Uppsetning tækja

8.4.'75	G.G./EK
Tnr. I	
ORS-17	
Fnr. 12637	

Mynd 3



RANNSÓKNASTOFNUN ÍÐNAÐARINS

Industrial Research & Development Institute

Keldnaholt - Reykjavík - Iceland

Br. nr. i-760

Reykjavík, 13. desember 1974

RANNSÓKN N.R. E. 74/340

Sýnishorn Svartolia

Merki:

Greiðandi: Orkustofnun, Straumfræðistöð,
Keldnaholti

Móttakið: 6.12. 1974

Aðrar upplýsingar

Sendandi: Orkustofnun, Straumfræðistöð
c/o Gunnar Gunnarsson

Reikn. nr.: 2680

Verð: 1.785.00

Brennisteinn, S	1.46 %
Natríjm, Na	0.005%

Gunnar Elisson
Rannsóknastofnun Íðnaðarins

RANNSÓKNASTOFNUN ÍÐNAÐARINS

Industrial Research & Development Institute

Keldnaholt - Reykjavík - Iceland

Br. nr. i-109

Reykjavík, 19. febrúar 1975

RANNSÓKN NR. F 75/51-53

Sýnishorn Svartolia

Merk: 27/1, 29/1, 3/2

Greiðandi: Orkustofnun, Straumfræðistöð,
Laugavegi 116, Reykjavík

Móttakið: 3.2. 1975

Aðrar upplýsingar

Sendandi: Orkustofnun, Straumfræðistöð
c/o Gunnar Gunnarsson

Reikn. nr.: 2767

Verð: 10.710.00

	<u>27/1</u>	<u>29/1</u>	<u>3/2</u>
Vanadium, V ppm	41	27	27
Natrium, Na "	50	53	41

Endurtekin mæling á sýni F 74/340 frá 13.12. 1974:

Natrium, Na 49 ppm
Vanadium, V 31 "

Rannsóknastofnun ÍÐnaðarins
Október 1975

JH